

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Almenn bókmenntafræði

Skáldskapur raunveruleikans

*Staða sjálfsævisögunnar í dag og viðtökur verksins Min
kamp eftir Karl Ove Knausgård*

Ritgerð til MA-prófs í almennri bókmenntafræði

Guðrún Baldvinsdóttir

Kt.: 230590-2659

Leiðbeinandi: Gunnþórunn Guðmundsdóttir

Janúar 2017

Útdráttur

Norski rithöfundurinn Karl Ove Knausgård gaf út sjálfævisögulegt verk sitt, *Min kamp*, á árunum 2009-2011. Verkið, sem taldi 3600 síður og kom út í sex bindum, vakti strax mikla athygli í heimalandi höfundarins og var Knausgård fljótlega settur í flokk annarra merkra rithöfunda á borð við Marcel Proust, Knut Hamsun og Jon Fosse. Ekki leið þó á löngu þar til lesendur bókanna viðruðu efasemdir sínar um gildi textans, þá sérstaklega sökum þess hvernig hann lægi á mörkum veruleika og skáldskapar.

Í ritgerðinni verða viðtökur verksins *Min Kamp* skoðaðar og kannað hvaða áhrif það hefur að verkið sé sjálfævisögulegt. Verkið verður skoðað út frá bæði texta bókarinnar sjálfrar og paratexta bókarinnar, þ.e. umfjöllunar um bókina, káputexta og viðtala við höfundinn. Einnig verður verkið skoðað í bókmenntasögulegu samhengi og hvort að það hafi valdið þeim vatnaskilum sem viðtökur verksins gefa til kynna. Litið verður til fræðimanna á sviði sjálfævisagna á borð við Philippe Lejeune, Paul John Eakin og Poul Behrendt. Skoðað verður hvernig viðtökur bókanna eru ólíkar eftir löndum og hvort að staða sjálfævisögunnar í þessum löndum eigi þar hlut að máli. Velt verður vöngum yfir stöðu sjálfævisögunnar í nútímabókmenntaumhverfi og þá hvort mögulegt sé að sjálfævisagan eigi ekki sæti í kanónu nútímabókmennta og því sé stöðugt verið að gefa henni annað nafn, skapa nýja greinarflokka sem rúma „bókmenntalegar“ sjálfævisögur.